



YLAF2GL03

Gardyrkjuskólinn á Reykjum

Ylræktun afskorinna blóma- hnýðisblóm

Kennari:	Helga Sigurðardóttir helgas@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Fjallað um ræktun blómlauka til afskurðar. Tekin eru fyrir eftirfarandi atriði í umfjöllun um hverja tegund eftir því sem við á: Uppruni, grasafraeðileg lýsing, latneskt heiti, íslenskt heiti, ræktun lauka erlendis, meðhöndlun laukanna og þroskun blómsins, yrki, fjölgun, uppeldi, útplöntun, vaxtarrými, rótarbeðsefni, beðgerðir, vökvun og áburðargjöf, hitakröfur í ræktun, blómmyndun, blómgun, almenn umhirða, uppskerustörf, geymsla og vörumeðhöndlun, skipulag og ræktunaráætlanir.

Undanfari: GRAS3FV05 (Grasafraeði), ALYL3FV06 (Almenn ylræktun)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Uppruna helstu blómlauka sem ræktaðir eru til afskurðar á Íslandi.
- Vísindaheiti og íslensku heiti hvernar tegundar og ættarinnar sem hún tilheyrir.
- Val á blómlaukayrkjum til ræktunar við íslenskar aðstæður.
- Fjölgun og uppeldi blómlauka erlendis og héraðs í gróðurhúsum.
- Uppbyggingu ræktunarumhverfis og helsta búnaði sem þarf til ræktunarinnar.
- Ræktunartækni og skipulagi sem þarf til að ná tilskyldum árangri í ræktuninni.
- Geymslu og meðhöndlun afurða ræktunarinnar.
- Gerð ræktunaráætlana og eftirfylgni þeirra.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina helstu tegundir blómlauka sem ræktaðar eru í gróðurhúsum á Íslandi.
- Velja til ræktunar í gróðurhúsum heppilegar tegundir og yrki af blómlaukum.
- Skipuleggja ræktunarumhverfi og búnað til ræktunar afskorinna blómlauka.
- Beita viðeigandi ræktunartækni við ræktun og hirðingu blómlauka.
- Meðhöndla blómlauka til geymslu og sölu.
- Setja upp ræktunaráætlanir og fylgja þeim eftir.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Ráðleggja öðrum um val á blómlaukum til afskurðar til ræktunar við íslensk skilyrði, metið með rökstuðningi og kynningu.
- Bera saman ræktun blómlauka til afskurðar við íslenskar og erlendar aðstæður, metið með rökstuðningi og rökræðum.

- Leggja mat á gæði ræktunarumhverfis og búnaðar við ræktun afskorinna blómlauka og koma með tillögur til úrbóta, ef þörf krefur. Metið með rökstuðningi og kynningum.
- Sýna skilning á afleiðingum mismunandi ræktunartæknilegra þátta á afurðir ræktunarinnar, metið með rökstuðningi og samanburði.
- Gera sér grein fyrir mikilvægi réttar meðhöndlunar afurða fyrir geymslu og sölu, metið með rökstuðningi og verklagi.
- Leysa af hendi ræktun afskorinna blómlauka með viðunandi árangri, metið með verklagi og vinnuskipulagi.

Leiðbeiningar og athugasemdir

- Nemendur fá lista yfir plöntutegundir sem þeir eiga að lesa um. Kennt er með fyrirlesturum og nemendur fylla út verkefnablöð í kennslustundum. Verkefni í gerð ræktunaráætlana og meðhöndlun blómlauka.

Tenging við grunnþætti

- Læsi – nemendur læra að þekkja helstu tegundir afskorinna blómlauka og ræktunaraðferðir þeirra og verð a því læsir á þarfir og þrif plantna.
- Heilbrigði og velferð – mikilvægt er að plöntuefniviður sé heilbrigður og haldist það út ræktunartímann. Jafnframt verða nemendur meðvitaðir gagnvart heilbrigðri umgengni við umhverfi sitt.
- Sjálfbærni – nemendur vinna með blómlauka og fjölgunaraðferðir þeirra og geta unnið sjálfstætt að framleiðslu þeirra í framtíðinni.

Forkröfur: GRAS3FV05 (Grasafræði), ALYL3FV06 (Almenn ylræktun)

Námsefni:

- ljósrit,
- gögn á netinu o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.-4.	Miðvik. 11/1 kl. 14:15-15:45 Mánd. 16/1 kl. 9-12 Mánd. 23/1 kl. 9-12 Mánd. 30/1 kl. 9-12	Kynning á áfanganum, sögulegt efni, rekstrarumhverfi. Tegundir hnýðisbl á Ísl. Grasafr.yfirl. Mism. gerðir hnýða og gagnsemi. Túlípanar Túlípanar frh.	
5.-8.	Mánd. 6/2 kl. 9-12 Mánd. 13/2 kl. 9-12 Mánd. 20/2 kl. 9-12 Mánd. 27/2 kl. 9-12	Vettvangsferð Páskaliljur Sóllilja, Gladíólur Liljur	Verkefni tengt vettvangsferð Ritgerðarefni valið
9.-13.	Mánud. 6. mars kl. 9-12 Mánud. 13. mars kl. 9-12 Mánud. 20. mars kl. 9-12 Mánud. 27. mars kl. 9-12	Íris, hýasintur, muscari, amaryllis Vettvangsferð Freesia og aðrar tegundir Ýmsar tegundir, yfirferð efnis	Verkefni tengt vettvangsferð Síðasti skiladagur ritgerðar
15.-18.	Miðvd. 12. apr. kl. 9-12 Fimmt. 27. apr. kl. 9-12	Páskafri hefst mán. 3. apríl Yfirferð efnis Próf	Próf

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
	Próf	60%
	2 Vettvangsferðir (skýrslur)	20%
	Einstaklingsverkefni	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Hveragerði, 4. janúar 2023.

Helga Sigurðardóttir, helgas@fsu.is